



Fundargerð.
Stjórnarfundar nr. 35.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn sem símafundur miðvikudaginn 18. ágúst 2010 kl:13:00.

Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson Vignir Kjartansson og Eiður Guðmundsson.

Dagskrá

1. Samningur um byggingu þjónustuhúss í Stekkjarvík.
2. Verkstaða í urðunarahólfi.
3. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda
4. Önnur mál.

Magnús Jónsson setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

1. Samningur um byggingu þjónustuhúss í Stekkjarvík.

Magnús lagði fram drög að verksamningi við Stíganda ehf., um byggingu þjónustuhúss í Stekkjarvík. Samningurinn samþykktur samhljóða og Magnúsi gefin heimild til að undirrita samninginn. Jafnframt samþykkt að semja við Verkfræðistofu Norðurlands um eftirlit með byggingu hússins, en þeir eru fyrir með eftirlit á gerð urðunarahólfsins.

2. Verkstaða í urðunarahólfi.

Magnús gerði grein fyrir því helsta sem fram kom á verkfundi þann 17. ágúst, með fulltrúum Héraðsverks og Verkfræðistofu Norðurlands. Meðal þess sem fram kom var að búið er að grafa 180.000 rúmmetra af þeim 390.000 sem grafa þarf og hefur gröfturinn gengið vel til þessa. Leirinn virðist hinsvegar ætla að harðna og þéttast hraðar en áætlað var eftir því neðar kemur í holuna. Unnið er að lausn með Eflu Verfræðistofu. Búið er að finna heppilegt efni í síubeðið og semja um það. Að öðru leiti er vísað í verkfundargerð dagsett 17.ágúst þar sem farið er yfir fleiri þætti varðandi framgang verksins.

3. Viðbragðsáætlun vegna mengunar hafs og stranda.

Fyrir liggur krafa frá Umhverfisstofnun um viðbragsáætlun vegna hugsanlegar mengunnar hafs og strandar. Samþykkt að Gunnar Svavarsson hjá Eflu Verfræðistofu vinni áætlunina en hann telur að það taki að hámarki 4 daga.

4. Önnur mál.

Enginn.

Fundi slitið kl. 13:40

Magnús B. Jónsson

Einar E Einarsson

Vignir Kjartansson

Eiður Guðmundsson